

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að í ráði sé, að Tóbakseinkasala ríkisins starfræki tóbaksgerð, með því að ófriðurinn hefir um ófyrirsjáanlegan tíma lokað fyrir viðskiptasambönd þau, sem einkasalan hafði til kaupa á ýmsum tóbaksvörum, einkum neftóbaki.

Ráðherrann telur réttara að leitað sé lagaheimildar til starfrækslu þessarar sem ríkisfyrirtækis. Tóbaksgerðin þyrfti að hefja starfrækslu sína strax vegna skorts á neftóbaki í landinu.

Með því að ráðuneytið telur, að nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölunni þá starfrækslu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vörur þær, sem tóbaksgerð ríkisins eða einkasölunnar framleiðir, skal vera óbundin.

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

3. gr.

2. gr. laga nr. 75 23. júní 1932, er úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.